

Sveitarfélagið Bláskógabyggð
Reykholti
806 Selfossi

Garðabær, 23. júní 2025
202505-0161/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Breyting - Deiliskipulag - Skálabrekka Vestri L229116; Lindarbrekkugata, Unnargata og Guðrúnargata; Lega, stærð og fjöldi lóða - Sveitarfélagið Bláskógabyggð.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Skálabrekku-Vestri (L229116), sem barst Náttúruverndarstofnun 26. maí 2025.

Skipulagsbreytingin felur í sér breytingu á legu og stærð lóða við Lindarbrekkugötu, Unnargötu og Guðrúnargötu og fjölgun lóða úr 21 í 23. Svæðið liggur við austurbakka Þingvallavatns, í landi sem að hluta hefur verið skipulagt sem frístundabyggð, en með breytingunni eru skilgreindir nýir byggingarreitir og samræmdar kvaðir um umferðarrétt.

Tillaga að B-hluta náttúruminjaskrár

Skipulagssvæðið liggur í jaðri Þingvallavatns og tilheyrir svæði sem er hluti af tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár Sogið - Þingvallavatn.

Í lýsingu Náttúrufræðistofnunar kemur fram að svæðið sæti vaxandi álagi. Þar segir m.a.:

„Mikil og vaxandi frístundabyggð, víða of nærri ár- og vatnsbökkum og lífræn mengun sem henni fylgir.“¹.....

Í umræddri skipulagsbreytingu er gert ráð fyrir að byggingareitur á lóðinni Unnargata 8 verði færður þannig að hann verði 50 metra frá Þingvallavatni. Að mati Náttúruverndarstofnunar er afar mikilvægt að slíkar tilfærslur séu metnar í ljósi þess álags sem þegar er til staðar á svæðinu, sérstaklega vegna nándar við vatnið og hættu á lífrænni mengun frá fráveitum.

Virðingarfyllst,

¹ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudurland/sogid-thingvallavatn>

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur